

# Fræðsla í formi og lit

**Heiti námsskrár:** Fræðsla í formi og lit

**Lengd náms:** 200 klukkustundir

**Fjöldi eininga:** Allt að 24 einingar

**Hverjum ætlað:** fólki á vinnumarkaði, 20 ára og eldra, með stutta formlega skólagöngu að baki og sem hefur áhuga á skapandi starfi, hugmyndavinnu, myndgerð, framsetningu og myndlistarsögu.

**1. útgáfa 2014**

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>Forsendur náms</b> .....	<b>1</b>
<b>Hugtök</b> .....	<b>2</b>
<b>Markmið og tilgangur námsins</b> .....	<b>2</b>
<b>Skipulag námsins</b> .....	<b>3</b>
Hafa ber í huga að:.....	3
Leiðbeinandi skipting tíma á námsþættir: .....	3
<b>Kynning</b> .....	<b>4</b>
<b>Mat á námi</b> .....	<b>4</b>
<b>Módu 1: Inngangur að námi</b> .....	<b>5</b>
Samskipti   Þrep 1 .....	6
Sjálfstyrking   Þrep 1 .....	7
Námstækni   Þrep 1 .....	8
Virgni í námi.....	9
<b>Módu 2: Form, litir og listasaga</b> .....	<b>10</b>
Teikning - grunnatriði   Þrep 1.....	11
Lita- og formfræði – grunnatriði   Þrep 1 .....	12
Mannlíkaminn – hlutföll   Þrep 1 .....	13
Saga myndlistar í Evrópu – fyrri hluti   Þrep 1 .....	14
Saga myndlistar í Evrópu – seinni hluti   Þrep 1 .....	15
Saga íslenskrar myndlistar   Þrep 1.....	16
Virgni í námi.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>

## Inngangur

Námskráin „Fræðsla í formi og lit“ lýsir 200 klst. löngu námi sem ætlað er fólki á vinnumarkaði, 20 ára og eldra, með stutta formlega skólagöngu að baki og sem hefur áhuga á skapandi starfi, hugmyndavinnu, myndgerð, framsetningu og myndlistarsögu. Til heildarnámstíma telst tími með leiðbeinanda auk þess tíma sem námsmönnum er ætlað að vinna sjálfstætt.

Námsskráin hentar námsmönnum, leiðbeinendum og öðrum sem vilja bjóða nám af þessu tagi. Hún hentar einnig þeim sem vilja meta vægi námsins til starfs, áframhaldandi náms eða annars sem nám af þessu tagi getur haft þýðingu fyrir.

Námsskráin *Fræðsla í formi og lit* er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms og gera það gagnsærra.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerir kröfu til þeirra sem heimild fá til að nota námsskrá þessa að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir. Framkvæmdaraðili ber auk þess að framfylgja skilgreindum kennslufræðilegum kröfum sem eru viðurkenndar af FA.

## Forsendur náms

Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn efla færni sína og sjálfstraust, þjálfari sjónræna athygli sína og persónulega tjáningu á tvívíðan flöt ásamt því að tileinka sér margskonar aðferðir við myndsköpun. Nám byggist á frammistöðu og ábyrgð einstaklings, samvinnu og samábyrgð allra sem koma þar að. Námsárangur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur er hann einnig vitnisburður um aðstæður til náms og um árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda.

Námsaðferðir verða fjölbreyttar í samræmi við eðli sköpunar, lista og listasögu. Leitast verður við að laða fram styrk hvers og eins með margþættum aðferðum, sem efla skapandi og frjóa hugsun. Þannig verður námsúrræðið sveigjanlegt og einstaklingsmiðað sem leiðir af sér aukin tækifæri einstaklinga, hvort sem um er að ræða sterkari stöðu í atvinnuleit, á vinnumarkaði eða frekar nám.

Engar forkröfur eru gerðar til námsins, leiðbeinanda ber að hafa í huga að skilgreina þarf, tilgang og markmið námsins með tilliti til forþekkingar námsmanna. Einnig ber að hafa í huga að myndlistin hefur margvísleg birtingarform og að það eru ekki allir sem ætla að verða alistar menn. Leiðbeinandi þarf að leggja námsefni fram með tilliti til námsmarkmiða, skipulags og tímasetningar, sníða og setja fram við hæfi hvers fullorðins einstaklings. Aðbúnaður verður allur að vera við hæfi fullorðinna námsmanna, bæði í verk- og bóklegu námi.

Leiðbeinendur gegna því hlutverki að byggja upp námsmenn og stuðla að alhliða þroska og þróun þeirra. Leiðbeinendum ber að hafa í huga að námsmenn eru fullorðnir og að gefa beri

þeim tækifæri til að nýta sér eigin reynslu í námi. Reyna skal eftir fremsta megni að tengja reynslu og veruleika námsmanna við viðfangsefni kennslu hverju sinni. Leiðbeinandi skal leggja áherslu á styrkleika hvers og eins, vera hvetjandi í garð námsmanna og vinna traust þeirra. Leiðbeinandi þarf að vera fær um að veita leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og laga kennslu sína að mismunandi námsnálgunum og veita þeim tækifæri til þess að fást við margskonar ögrandi verkefni.

Leiðbeinandi þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnum námsmönnum og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Lögð skal áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir námsmanna og til þess að leyfa þeim að spreyta sig á margvíslegan hátt.

Leiðbeinandi þarf að búa yfir færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf. Æskilegt er að nota fjölbreyttar aðferðir við að meta námsferlið og árangur námsmanna. Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig námsmönnum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins. Jafnframt er lögð mikil áhersla á sjálfsmat einstaklinga í samvinnu við leiðbeinanda. Í rökræðum varðandi skapandi starf þjálfast námsmenn í að taka bæði já- og neikvæðri gagnrýni og nýta sér í leik og starfi. Leiðbeinanda ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf.

Liður í að meta námsframvindu er verkdagbók sem námsmenn halda og er hluti af sjálfsmati þeirra. Í verkdagbókina safna námsmenn öllum gögnum úr náminu en það gerir þeim kleift að halda utan um þá hæfni, þekkingu og leikni sem þeir öðlast meðan á náminu stendur. Jafnframt auðveldar það þeim og leiðbeinendum að meta hvort það sé að skila tilætluðum árangri.

## Hugtök

Í námsskránni eru hugtök notuð í eftirfarandi merkingu:

- **Grunnform**- hringur, ferningur, þríhyrningur-kúla, kassi, keila.
- **Skygging**- grátónar.
- **Litafræði**- grunnlitir: blár, gulur, rauður. Hjálitir: appelsínugulur, fjólublár, grænn.
- **Myndbygging** - samsetning þátta á myndfleti, form, litur, uppröðun, jafnvægi.
- **Rými** - umhverfi, hlutir að innan og utanverðu, fjarlægð og nálægð.
- **Hlutföll** - mælieiningar á mótí fyrirmynd.

## Markmið og tilgangur námsins

Markmið námskrárinna er m.a. að veita einstaklingum tækifæri til að styrkja færni sína í myndlist, listasögu og skapandi starfi í þeim tilgangi að stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms á sviði lista, auðvela þeim að örva og nýta skapandi hæfileika sína og koma auga á ný tækifæri í framtíðinni.

## Skipulag námsins

*Fræðsla í formi og lit* er samtals 200 klukkustundir. Æskileg hópastærð í verklegu námi er 10-12 námsmenn. Leiðbeinanda ber að taka tillit til ýmissa námsörðuleika námsmanna og einstaklingsmiða námið eftir þörfum Framkvæmdaraðili skipar umsjónarmann námsins. Hann sér um kynningu námsskrár og dagskrár námsins, einnig er hann námsmönnum til frekari aðstoðar. Heimilt er, með skriflegu samþykki FA, að fella niður námsþætti og bæta skyldum námsþáttum við án þess þó að draga úr heildarfjölda námsstunda enda fari breytingin ekki í bága við markmið eða tilgang námsskrárinnar.

### Hafa ber í huga að:

- Náms tími telst allur sá tími sem námsmaður ver í nám sitt.
- Heildarlengd námstíma með leiðbeinanda má ekki vera minni en 200 klukkustundir.
- Að loknum 200 klukkustunda námstíma með leiðbeinanda geta námsmenn, sem þess óska, fengið mat á hæfni sinni með því að leggja fram afrakstur vinnu sinnar.
- Námsrángur er metinn út frá hæfniviðmiðum með matsaðferð sem FA samþykkir.
- Námsmaður sem nær að minnsta kosti 50% árangri í mati á hæfniviðmiða fær afhent skjal sem staðfestir það.

**Skipuleggjandi ákveður þess vegna, að höfðu samráði við leiðbeinendur, hve miklum tíma þarf að verja í einstaka námsþætti svo námsmenn nái að minnsta kosti 50% árangri á námstíma. Skipuleggjandi þarf að gera ráð fyrir tími í kynningu á náminu í upphafi sem og í mat á náminu í lok námstíma.**

### Leiðbeinandi skipting tíma á námsþættir:

Kynning og mat á námi	Klst.
Kynning	3
Mat á námi	1
<b>Módul 1</b> Byggist á persónulegum hæfniþáttum	
• Samskipti	3
• Sjálfstyrking	3
• Náms tækni	3
<b>Módul 2</b> Byggist á fagþáttum myndlistar og listasögu.	
• Teikning – grunnatriði	45
• Lita og formfræði – grunnatriði	45
• Mannslíkaminn – hlutföll	45
• Saga myndlistar í Evrópu – fyrri hluti	18
• Saga myndlistar í Evrópu – seinni hluti	18
• Saga myndlistar á Íslandi	16

## Kynning

### Dagskrá, húsakynni, umgengnisreglur, verkfæri, námsdagbók, námsefni og námsaðferðir.

Leiðbeinandi gerir grein fyrir:

- Skipulagi húsakynna þar sem nám fer fram.
- Öryggisbúnaði og rýmingaráætlun.
- Umgengnisreglum fyrir húsakynni og búnað.
- Stundatöflu námsins, viðveruskráningu og kröfum um a.m.k. 80% viðveru.
- Námsaðferðum og hlutverki leiðbeinenda í námi námsmanns.
- Kröfum sem námsmenn geta gert til annarra og kröfur sem gerðar eru til þeirra.
- Tilgangi námsdagbókar/verkdagbókar og kröfum sem gerðar eru um færslu í námsdagbók/verkdagbók.
- Verkefnum/verklýsingum frá leiðbeinendum og færslu í tímaskýrslu þegar það á við.

## Mat á námi

### Hæfni til þess að leggja mat á námið, markmið námsleiðarinnar, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsstarfsins.\*

Markmið að námsmaður/starfsmaður:

- Leggi mat á námið og markmið þess.
- Leggi mat á skipulag námsins/námsleiðarinnar.
- Leggi mat á hæfni leiðbeinenda.
- Leggi mat á aðbúnað á kennslustað og veitta þjónustu.
- Þekki ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfan sig og aðra.
- Leggi mat á markmið sín og framfarir sínar í náminu.

\*Fræðsluaðili leggur fyrir námsmenn könnun þar sem þeir leggja mat á námið út frá ofangreindum liðum.

# Módul 1: Inngangur að námi

## Tilgangur

### Forkröfur

Ekki eru gerðar neinar forkröfur.

### Markmið módulsins

Að námsmaður sé hæfur til að:

- Taka þátt í opnum og góðum samskiptum.
- Fjalla um samhengi milli sjálfstrausts og framkomu.
- til að vinna sjálfstætt og skipulega að námi sínu

### Þættir módulsins

Samskipti

Sjálfstyrking

Námstækni



Áhersla verður á mikilvægi opinna og góðra samskipta

Undanfari

Enginn.

Prep

1. Vinnur og lærir undir verkstjórn en þó með nokkru sjálfstæði.

Vinnutími með leiðbeinanda í klst.

Annar vinnutími í klst.

Matsaðferð

### Hvaða væntingar gerir þú til þessa námsþáttar?

---



---



---



---

Í leiðsagnarmati er merkt í hólf undir **4** fyrir **Mikil þekking/færni**, undir **3** fyrir **Góð þekking/færni**, undir **2** fyrir **Nokkur þekking/færni** en undir **1** fyrir **Lítill þekking/færni**. Tómt hólf merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

**Námsmaður:**

Er hæfur til að taka þátt í opnum og góðum samskiptum.	4	3	2	1
<b>Þekki helstu:</b>				
grundvallaratriði góðra mannlegrar samskipta í námi og starfi				
<b>Öðlist færni í að:</b>				
tileinka sér grundvallaratriði mannlegra samskipta og mikilvægi þeirra fyrir vellíða og árangurs í starfi.				
<b>Hafi á valdi sínu að:</b>				
Nýta sér undirstöðuatriði tjáskipta				
<b>Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum</b>				Dags.
				/ ,

Samhengi sjálfstrausts og sjálfsmýndar einstaklinga.

Undanfari

Enginn.

Prep

1. Vinnur og lærir undir verkstjórn en þó með nokkru sjálfstæði.

Vinnutími með leiðbeinanda í klst.

Annar vinnutími í klst.

Matsaðferð

## Hvaða væntingar gerir þú til þessa námsþáttar?

---



---



---



---



---

Í leiðsagnarmati er merkt í hólfi undir **4** fyrir **Mikil þekking/færni**, undir **3** fyrir **Góð þekking/færni**, undir **2** fyrir **Nokkur þekking/færni** en undir **1** fyrir **Lítil þekking/færni**. Tómt hólfi merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

**Námsmaður:**

Er hæfur til að fjalla um samhengi milli sjálfstrausts og framkomu.	4	3	2	1
<b>Þekki helstu:</b>				
þætti sem hafa áhrif á sjálfstraust				
<b>Öðlist færni í að:</b>				
greina styrkleika sína og veikleika				
<b>Hafi á valdi sínu að:</b>				
Að taka við gagnrýni og að leysa ágreining				
<b>Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum</b>				Dags.
				/ /

Farið veður yfir helstu atriðin sem hafa áhrif á námsgetu og árangur í námi.

Undanfari enginn  
 Prep 1. Vinnur og lærir undir verkstjórn en þó með nokkru sjálfstæði.  
 Vinnutími með leiðbeinanda í klst.  
 Annar vinnutími í klst.  
 Matsaðferð

Hvaða væntingar gerir þú til þessa námsþáttar?

---



---



---



---

Í leiðsagnarmati er merkt í hólfi undir **4** fyrir **Mikil þekking/færni**, undir **3** fyrir **Góð þekking/færni**, undir **2** fyrir **Nokkur þekking/færni** en undir **1** fyrir **Lítil þekking/færni**. Tómt hólfi merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

Námsmaður:

Er hæfur til að til að vinna sjálfstætt og skipulega að námi sínu.	4	3	2	1
<b>Þekki helstu:</b>				
undirstöðuatriði í námstækni.				
<b>Öðlist færni í að:</b>				
nýta sér mismunandi lestraraðferðir				
nýta sér mismunandi minnisaðferðir				
að skipuleggja sig				
finna og tileinka sér námstækni sem hentar eigin námsstíl.				
<b>Hafi á valdi sínu að:</b>				
nýta sér þau aðalatriði sem hafa áhrif á nám og framvindu þess.				
Að skilgreina langtímamarkmið og skammtímamarkmið				
Lýsa eigin styrkleikum og veikleikum				

Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum Dags. / ,

## Virkni í námi

Í mati er merkt í hólf undir 4 fyrir **Alltaf**, undir 3 fyrir **Oftast**, undir 2 fyrir **Stundum**, undir 1 fyrir **Aldrei**

Virkni í námi	4	3	2	1
Skrásetur og safnar í verkdagbók.				
Mætir stundvíslega og vinnur vel.				
Tekur virkan þátt í umræðum.				
Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum				Dags. / ' .

## Móðul 2: Form, litir og listasaga

### Tilgangur

Að námsmaður tileinki sér grunnatriði í teikningu; málun, litafræði og myndbyggingu; móðelteikningu og grunnþekkingu á sögu listarinnar í Evrópu og á Íslandi.

### Forkröfur

Ekki eru gerðar neinar forkröfur.

### Markmið móðulsins

Að námsmaður sé hæfur til að:

- fanga hugmyndir í skissubók og þróa
- setja fram myndverk í formi og lit með tilliti til myndbyggingar.
- nota mismunandi teikniaðferðir og háhöld við móðelteikningu
- gera grein fyrir stefnum/stílum og félagslegum forsendum listsköpunar á hverjum tíma í Evrópu og á Íslandi

### Þættir móðulsins

- Teikning – grunnatriði
- Lita og formfræði – grunnatriði
- Mannlíkaminn – hlutföll
- Saga myndlistar í Evrópu – fyrri hluti
- Saga myndlistar í Evrópu – seinni hluti
- Saga myndlistar á Íslandi

Hugmyndavinna og grunnatriði teikningar er helsta viðfangsefið. Lögð er áhersla á að þjálfa formskyn með uppbyggingu og samsetningu mismunandi forma. Námsmenn fanga og þróa sínar eigin hugmyndir í þar til gerðar skissubækur.

Undanfari

Engin

Prep

1. Vinnur og lærir undir verkstjórn en þó með nokkru sjálfstæði.

Vinnutími með leiðbeinanda í klst.

Annar vinnutími í klst.

Matsaðferð

### Hvaða væntingar gerir þú til þessa námsþáttar?

---



---



---



---



---

Í leiðsagnarmati er merkt í hólfi undir **4** fyrir **Mikil þekking/færni**, undir **3** fyrir **Góð þekking/færni**, undir **2** fyrir **Nokkur þekking/færni** en undir **1** fyrir **Lítill þekking/færni**. Tómt hólfi merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

**Námsmaður:**

Er hæfur til að fanga hugmyndir í skissubók og þróa	4	3	2	1
<b>Þekki helstu:</b>				
grunnatriði teikningar				
grundvallarhugtök og reglur í formfræði og fjarvídd				
möguleika á að tjá sig á myndfleti í teikningu				
<b>Öðlist færni í að:</b>				
að teikna hluti rétta í rými með mismunandi teikniáhöldum og aðferðum				
teikna einfaldar fjarvíddarformúlur.				
greina grunnformin og túlka með mismunandi teikniáhöldum og aðferðum.				
virka sköpunarkraft inn, fanga hugmyndir sínar og útfæra				
vinna að þróun hugmynda				
<b>Hafi á valdi sínu að:</b>				
vinna með mismunandi form á tvívíðan flöt				
nota mismunandi teikniáðferðir og háhöld				
nota teikningu sem tjáningarmiðil				

Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum

Dags.

/ /

Lítafræði og myndbygging er helsta viðfangsefnið. Eiginleikar myndflata eru rannsakaðir með tilliti til skapandi sjónrænna þátta og framsetningu. Námsmenn fanga og þróa sínar eigin hugmyndir í þar til gerðar skissubækur.

Undanfari

Teikning – grunnatriði

Prep

1. Vinnur og lærir undir verkstjórn en þó með nokkru sjálfstæði.

Vinnutími með leiðbeinanda í klst.

Annar vinnutími í klst.

Matsaðferð

### Hvaða væntingar gerir þú til þessa námsþáttar?

---



---



---



---



---

Í leiðsagnarmati er merkt í hólfi undir **4** fyrir **Mikil þekking/færni**, undir **3** fyrir **Góð þekking/færni**, undir **2** fyrir **Nokkur þekking/færni** en undir **1** fyrir **Lítill þekking/færni**. Tómt hólfi merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

**Námsmaður:**

Er hæfur til að setja fram myndverk í formi og lit með tilliti til myndbyggingar.	4	3	2	1
<b>Þekki helstu:</b>				
atriði myndbyggingar í formi og lit.				
grundvallarhugtök og reglur í líta- og formfræði.				
leiðir við að framkvæma og skapa með tillit til ofangreindra þátta.				
<b>Öðlist færni í að:</b>				
tjá sig á myndfleti, í teikningu, formi og lit.				
vinna með mismunandi liti og form með tilliti til myndbyggingar.				
blanda fyrirfram ákveðna litatóna.				
virkja sköpunarkraft inn, fanga hugmyndir sínar og útfæra.				
<b>Hafi á valdi sínu að:</b>				
setja fram myndverk með mismunandi teikni- og málunaraðferðum.				
nota mismunandi tækni, liti og áhöld við sköpun myndverka.				
vinna markvisst með myndbyggingu, form og liti.				

Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum

Dags.

/ ,

Viðfangsefnið er teikning mannslíkamans í réttum hlutföllum. Framsetning byggist á sjónrænni yfirfærslu með tilliti til grunnforma og hlutfalla þar sem hugtakið fagurfræði er skilgreint út frá akademískum stöðluðum formúlum í módelteikningu.

Undanfari Teikning – grunnatriði og Lita- og formfræði – grunnatriði  
 Prep 1. Vinnur og lærir undir verkstjórn en þó með nokkru sjálfstæði.  
 Vinnutími með leiðbeinanda í klst.  
 Annar vinnutími í klst.  
 Matsaðferð

**Hvaða væntingar gerir þú til þessa námsþáttar?**

---



---



---



---

Í leiðsagnarmati er merkt í hólfi undir **4** fyrir **Mikil þekking/færni**, undir **3** fyrir **Góð þekking/færni**, undir **2** fyrir **Nokkur þekking/færni** en undir **1** fyrir **Lítil þekking/færni**. Tómt hólfi merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

**Námsmaður:**

Er hæfur til að nota mismunandi teikniaðferðir og háhöld við módelteikningu	4	3	2	1
<b>Þekki helstu:</b>				
hlutföll og grunnformúlur í teikningu líkamans.				
aðferðir við að nota grunnformúlur í teikningu líkamans.				
aðferðir við að beita tvívíðri teikningu við að túlka þrívíða lifandi fyrirmynd.				
<b>Öðlist færni í að:</b>				
yfirfæra þrívíða fyrirmynd á tvívíðan flöt.				
setja lifandi fyrirmynd á tvívíðan flöt, í mismunandi stellingum.				
greina grunnformin og tengja mannslíkamanum.				
þekkja og skilja breytileika mannslíkamans eftir kyni, aldri og persónueinkennum.				
<b>Hafi á valdi sínu að:</b>				
teikna eftir lifandi fyrirmynd á tvívíðan flöt, lítinn sem stóran.				
túlka hreyfingu fyrirmyndar í hraðteikningum.				
fanga hugmyndir í skissubók og þróa				

**Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum**

Dags.  
/ /



Farið er yfir helstu stílbrigði sjónlista frá öndverðu og fram á 19. öld í samhengi við evrópska sögu og hvernig listin tengdist þjóðfélagslegum aðstæðum á hverjum tíma.

Undanfari Engin  
 Prep 1. Vinnur og lærir undir verkstjórn en þó með nokkru sjálfstæði.  
 Vinnutími með leiðbeinanda í klst.  
 Annar vinnutími í klst.  
 Matsaðferð

Hvaða væntingar gerir þú til þessa námsþáttar?

---



---



---



---



---

Í leiðsagnarmati er merkt í hólf undir 4 fyrir Mikil þekking/færni, undir 3 fyrir Góð þekking/færni, undir 2 fyrir Nokkur þekking/færni en undir 1 fyrir Lítil þekking/færni. Tómt hólf merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

Námsmaður:

Er hæfur til að gera grein fyrir félagslegum forsendum listsköpunar á hverjum tíma.	4	3	2	1
<b>Þekki helstu:</b>				
helstu listamenn, stíleinkenni og stefnur í evrópskri listasögu frá hellamálverkum til Ný-klassíkur.				
tæknilegar og félagslegar forsendur listsköpunar á hverjum tíma.				
<b>Öðlist færni í að:</b>				
greina stíleinkenni og stefnur í myndlist.				
skynja stíleinkenni í myndlist og tengsl þeirra við tíðaranda hvers tímabils.				
skilgreininga hugtakið list í tengslum við tíðaranda.				
<b>Hafi á valdi sínu að:</b>				
þekkja og greina verk einstakra listamanna.				
greina stefnur og stíleinkenni í evrópskri myndlistarsögu.				

Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum Dags. / ,

Farið er yfir helstu stílbrigði sjónlista frá síðari hluta 19 aldar til nútíma listar í samhengi við evrópska sögu og hvernig listin tengdist þjóðfélagslegum aðstæðum hvers tímabils.

Undanfari Saga myndlistar – fyrri hluti  
 Prep 1. Vinnur og lærir undir verkstjórn en þó með nokkru sjálfstæði.  
 Vinnutími með leiðbeinanda í klst.  
 Annar vinnutími í klst.  
 Matsaðferð

## Hvaða væntingar gerir þú til þessa námsþáttar?

---



---



---



---



---

Í leiðsagnarmati er merkt í hólf undir **4** fyrir **Mikil þekking/færni**, undir **3** fyrir **Góð þekking/færni**, undir **2** fyrir **Nokkur þekking/færni** en undir **1** fyrir **Lítill þekking/færni**. Tómt hólf merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

### Námsmaður:

Er hæfur til að gera grein fyrir félagslegum forsendum listsköpunar á hverjum tíma.	4	3	2	1
<b>Þekki helstu:</b>				
helstu listamenn, stíleinkenni og stefnur í evrópskri listasögu frá síðari hluta 19 aldar til nútíma listar.				
tæknilegar og félagslegar forsendur listsköpunar á hverjum tíma.				
<b>Öðlist færni í að:</b>				
greina stíleinkenni og stefnur í myndlist.				
skynja stíleinkenni myndlist og tengsl þeirra við tíðaranda hvers tímabils.				
skilgreininga hugtakið list í tengslum við tíðaranda.				
<b>Hafi á valdi sínu að:</b>				
þekkja og greina verk einstakra listamanna.				
greina stefnur og stíleinkenni í evrópskri myndlistarsögu.				

## Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum

Dags.

/ ,

Námsmenn kynnist helstu stíleinkennum og stefnum íslenskrar myndlistasögu frá landnámi fram á 20. öld.

Undanfari Saga myndlistar í Evrópu – fyrri og seinni hluti  
 Prep 1. Vinnur og lærir undir verkstjórn en þó með nokkru sjálfstæði.  
 Vinnutími með leiðbeinanda í klst.  
 Annar vinnutími í klst.  
 Matsaðferð

Hvaða væntingar gerir þú til þessa námsþáttar?

---



---



---



---

Í leiðsagnarmati er merkt í hólf undir **4** fyrir **Mikil þekking/færni**, undir **3** fyrir **Góð þekking/færni**, undir **2** fyrir **Nokkur þekking/færni** en undir **1** fyrir **Lítil þekking/færni**. Tómt hólf merkir að ekki hefur verið farið í efnið eða námið ekki á því stigi að það sé metið.

Námsmaður:

Er hæfur til að gera grein fyrir félagslegum forsendum íslenskrar listsköpunar á hverjum tíma.	4	3	2	1
<b>Þekki helstu:</b>				
tæknilegar og félagslegar forsendur íslenskrar listsköpunar fyrr og nú.				
tæknilegar og félagslegar forsendur listsköpunar á hverjum tíma.				
<b>Öðlist færni í að:</b>				
greina stíleinkenni og stefnur í íslenskri myndlist.				
skilgreina stíla og stefnur og tengja við einstaka verk.				
skilgreininga hugtakið list í tengslum við tíðaranda.				
<b>Hafi á valdi sínu að:</b>				
þekkja og greina verk einstakra listamanna.				
greina stefnur og stíleinkenni í íslenskri myndlistarsögu.				

Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum Dags. / .

## Virgni í námi

Í mati er merkt í hólf undir 4 fyrir **Alltaf**, undir 3 fyrir **Oftast**, undir 2 fyrir **Stundum**, undir 1 fyrir **Aldrei**

Virgni í námi	4	3	2	1
Skrásetur og safnar í verkdagbók.				
Mætir stundvíslega og vinnur vel.				
Tekur virkan þátt í umræðum.				
Undirritun leiðbeinanda með samþykki og/eða athugasemdum				Dags. / /